



Hjallastefnan

+354 555 7020

[hjallastefnan@hjalli.is](mailto:hjallastefnan@hjalli.is)

[hjalli.is](http://hjalli.is)

# Fundarboð til foreldra og fjölskyldna barna í Hjallastefnuskólum í Reykjavík

Fundur í Háskólanum í Reykjavík, við Menntaveg 1, mánudaginn 21. febrúar klukkan 19:00

Kæru foreldrar og fjölskyldur

Eins og okkur er öllum kunnugt, verða skólahús Öskju og Barnaskólans að víkja af núverandi lóð þegar skólaárinu lýkur.

Viðræðunefnd Reykjavíkurborgar og Hjallastefnunnar hefur í vetur unnið að samkomulagi til að koma í veg fyrir lokun skólasamfélagsins. Nú sést loks til lands.

Borgarráð hefur samþykkt að taka þátt í leigukostnaði fyrir skólana í tímabundnu húsnæði til 2-3 ára meðan unnið er að framtíðarlausn fyrir skólasamfélagið í Öskjuhlíðinni. Við vonumst eftir góðri lausn fyrir okkur öll; börn og foreldra svo og starfsfólk. Allir þessir aðilar hafa staðið þétt með hugsjónum okkar um að Hjallastefnan verði áfram valkostur í skólastarfi í höfuðborginni.

Við viljum því bjóða foreldra og aðstandendur barna úr leikskólanum Öskju, Barnaskólanum í Reykjavík og Laufásborg á fund til þess að ræða stöðu mála, um bráðabirgðahúsnæði og það sameiginlega stöðumat sem lagt var fyrir borgarráð og stjórn Hjallastefnunnar.

**Fundurinn fer fram í Háskólanum í Reykjavík, Menntavegi 1, stofum M101 og V101. (Gengið er inn um aðalinngang og stofurnar eru þær fyrstu á langa ganginum sem liggur út frá miðju hússins). Fundur hefst klukkan 19:00 21. febrúar 2022.**

## Dagskrá fundar:

- Fundur settur og fundarstjóri/stýra kynnt
- Fulltrúar Hjallastefnunnar í viðræðunefnd Hjallastefnunnar og Reykjavíkurborgar kynna stöðu mála og sameiginlegt stöðumat
- Umræður um bráðabirgðahúsnæði
- Almennar umræður

Við hlökkum til að hittast og þakka þolinmæðina, styrkinn og samstöðuna sem við höfum öll skynjað á krefjandi tímum.

Með kærleikskveðjum,

Bóas Hallgrímsson framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar

